

Enska 7. bekkur

Kennarar: Gauti Eiríksson; Guðrún Anna Kjartansdóttir; Guðrún Ólafía Þorleifsdóttir

7

Skólaárið

2025 - 2026

Helstu námsþættir vetrarins

Enska verður kennd 2 sinnum í viku í vetur. Notast verður við kennslubókina Yes we can 7. Kaflarnir í bókinni eru byggðir upp á svipaðan hátt og það er; hlustun, orðaforði, skilningur, málfræði og ritun. Lesskilningsverkefni sem sett verður inn á classroom ásamt léttum aukaæfingum í ensku.

Leitast verður við að hafa verkefnin fjölbreytt og áhugavekjandi/hvetjandi.

Eftir hvern kafla veður horft á enskumælandi þætti.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Í kennslustundum verður unnið með námsþætti vetrarins í einstaklings- og hópavinnum.

Námsþættir vetrarins eru:

- Hlustun og áhorf** á mismunandi efni t.d. úr kennslubókum-og myndmiðlum þar sem nemendur tileinka sér aðalatriði.
- Lestur og lesskilningur** á margvíslegum texta t.d. úr kennslubókunum, smásögum og víðar þar sem nemendur afla sér upplýsinga, bregðast við efninu til frásagnar eða á annan hátt ásamt því að lesa sér til fróðleiks, ánægju og þroska.
- Samskipti** sem miða að því að nemendur geti tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn og efni sem honum er kunnugt, einnig að geta tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum t.d. að miðla, taka á móti upplýsingum, átt skoðanaskipti, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.
- Frásögn** sem miðar að því að nemendur geti tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir eða hefur kynnst við hlustun eða lestur, tjáð skoðanir sínar, brugðist við spurningum, flutt stutta frásögn, stutt frumsamið efni eða kynningu.
- Ritun** þar sem nemendur æfast í að skrifa ýmsar gerðir af formlegum og óformlegum textum, skrifað um eða brugðist við því sem hann hefur hlustað, séð eða lesið og fylgt ákveðnu textaformi þar sem það á við. Einnig tjáð tilfinningar, reynslu þekkingu og skoðanir sínar skriflega. Lögð er áhersla á að sköpunargáfan og ímyndunaraflíð fái að njóta sín.
- Menningarläsi** þar sem nemendur kynnast mismunandi afbrigðum tungumálsins, samfélags-og þjóðfélagsgerðum á enskumælandi málsvæðum Bretlands og Bandaríkjanna.
- Lykilhæfni** sem snýr að bera ábyrgð á eigin námi, fara eftir fyrirmælum, nýta tímann vel, gefa góðan vinnufrið og eiga í góðum samskiptum við aðra.

Námsefni vetrarins verður skipt upp eftir köflum, hver kafla tekur um það bil 4 vikum. Áætlun verður fyrir hverja viku og verður hún sett inn á classroom. Ef nemandi nær ekki að klára áætlun í kennslustundum eða missir úr þá þarf hann að vinna það heima.

Námsaðlögun

Námsefnið er aðlagð að nemendum eftir þörfum og komið verður til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Námsmat

Námsmat fer fram yfir allan veturinn. Kaflapróf verður eftir 2. hvern kafla. Ástundun í tímum og munnlegur framburður verður metin jafnt og þétt yfir veturinn.

Námsgögn

Yes we can 7, les- og vinnubók ásamt námssíðu, málfræðihefti, Ready for Action, Hickory, Dickory, Dock og annað ljósritað efni.